

# Afgreiðslufundur

Árið 2026, miðvikudaginn 6. maí kl. 09:00 var haldinn 1906. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

## Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Ísbílsins ehf., kt. 410725-1770, dags. 15. apríl 2026, um starfsleyfi fyrir dreifingu (innflutningi, geymslu, flutningi og sölu) forpakkaðra matvæla (Ísbíllinn) að Krók-hálsi 12, F2237718, rými 01 0106 og 01 0107. Flutningur í nýtt húsnæði.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Verslunarinnar Álfheima ehf., kt. 711013-1480, dags. 12. febrúar 2026, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli, ávexti og grænmeti, ásamt innflutningi á matvælum frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins (Verslunin Álfheimar) að Álfheimum 2, F2021001, rými 01 0203. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Kjútis ehf., kt. 510221-0870, dags. 6. nóvember 2025, um starfsleyfi fyrir geymslu á forpökkuðum matvælum (Smárikið) að Fiskislóð 10, F2251393, rými 01 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Reykjavík 1922 ehf., kt. 520124-1010, dags. 30. mars 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Route 1) í Kringlunni mathöll Kúmen, Kringlunni 4-12, F2261692, veitingabás V-10. Ný umsókn.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði* og *Almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása Kringlutorgi*. Matvæli koma tilbúin til upphitunar og samsetningar á sölubás.
- Lögð fram umsókn Reykjavík 1922 ehf., kt. 520124-1010, dags. 30. mars 2026, um skráningu á veitingastað (Route 1) í Kringlunni mathöll Kúmen, Kringlunni 4-12, F2261692, veitingabás V-10. Ný skráning.  
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi*.
- Lögð fram umsókn Berserkja ehf., kt. 550198-2159, dags. 4. mars 2026, um skráningu á niðurrífi á húsnæði við Nauthólsveg 58c, F2029310, rými 11 0101, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK26010452. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrífi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
- Lögð fram umsókn Hreinsunar og flutnings ehf., kt. 621292-2779, dags. 31. janúar 2026, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir flutning spilliefna, flutning úrgangs og bifreiða- og vélaverkstæði að Eldshöfða 2, F2042853, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 1 árs í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa, með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutning spilliefna, Starfsskilyrðum fyrir flutning úrgangs og Starfsskilyrðum fyrir bifreiða- og vélaverkstæði.*

8. Lögð fram umsókn Casino ehf., kt. 650796-2689, dags. 22. apríl 2026, um leyfi til tóbakssölu (Mónakó) að Laugavegi 78. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.*

### **Fundi slitið kl. 09:40**

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson